

# Hvað viltu vita um Hvalárvirkjun?

Spurt og svarað um virkjun Hvalár í Ófeigsfirði á Ströndum



*VesturVerk*





## Um VesturVerk

VesturVerk ehf á Ísafirði vinnur að undirbúningi fjögurra vatnsaflsvirkjana á Vestfjörðum. Stærst þeirra er Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði á Ströndum en hinar þrjár eru Skúfnavatnavirkjun, Hvanneyrardalsvirkjun og Hest- og Skötufjarðarvirkjun – allar við Ísafjarðardjúp.

Virkjanirnar miða allar að því að bæta raforkuöryggi Vestfjarða.

VesturVerk hefur verið starfrækt í núverandi mynd frá árinu 2007. Starfsemi fyrirtækisins hefur frá upphafi snúist um undirbúning Hvalárvirkjunar en hin síðari ár einnig um virkjanaundirbúning við Ísafjarðardjúp.

Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði á Ströndum verður 55 megawött að stærð en áætluð raforkuframleiðsla er 320 gígawattstundir á ári. Stefnt er að því að tengja virkjunina með jarðstreng yfir Ófeigsfjarðarheiði að Ísafjarðardjúpi. Framkvæmdatími er áætlaður fimm ár. Um 200 manns munu starfa við byggingu virkjunarinnar að sumarlagi en allt að 70 manns að vetrarlagi. Líkt og í sambærilegum virkjunum í dag verður Hvalárvirkjun fjarstýrt og krefst hún því ekki fastra starfsmanna á vettvangi þegar rekstur verður kominn í fullan gang.

Í undirbúningi eru ýmsar aðgerðir af hálfu VesturVerks sem draga munu úr umhverfisáhrifum Hvalárvirkjunar og renna jafnframt styrkari stoðum undir samfélagið í sveitarfélaginu Árneshreppi á Ströndum.





# Spurt og svarað um Hvalárvirkjun

## Hver er staðan á undirbúningi Hvalárvirkjunar?

- Beðið er staðfestingar Skipulagsstofnunar á breytingum á aðalskipulagi Árneshrepps, sem hreppsnefnd samþykkti í lok janúar. Á grundvelli staðfestingarinnar getur hreppsnefnd veitt VesturVerki fyrra framkvæmdaleyfið, sem heimilar fyrirtækinu að hefja undirbúning að framkvæmdum vegna Hvalárvirkjunar.
- Fyrra framkvæmaleyfið mun ná til veglagningar, efnistöku og uppsetningar vinnubúða. Veglagning áleiðis upp á Ófeigsfjarðarheiði er nauðsynleg svo hægt sé að taka kjarnasýni úr jarðlögum til rannsókna og frekari undirbúnings jarðgangagerðar vegna virkjunarinnar.
- VesturVerk mun brátt kynna seinni hluta tillagna sinna að breytingum á aðalskipulagi Árneshrepps en þar á meðal er virkjunin sjálf og framkvæmdir tengdar henni, s.s. hlaðhús, gestastofa fyrir starfsmenn og ferðafólk, og frekari vegaframkvæmdir. Samþykki hreppsnefnd breytingartillögurnar fara þær fyrir Skipulagsstofnun til staðfestingar. Á grundvelli staðfestingar getur hreppsnefnd veitt seinna framkvæmdaleyfið. Óvíst er hve langan tíma þetta ferli mun taka.

## Mun raforkan úr Hvalá nýtast á Vestfjörðum?

- Já. Því nær sem orkuuppsprettan er notandanum því öruggari er tengingin til hans vegna styttri flutningsleiða. Orkan leitar þangað sem styst er að fara. Orka framleidd á Vestfjörðum nýtist á Vestfjörðum.
- Orkunni úr Hvalárvirkjun hefur ekki veri ráðstafað að öðru leyti en því að í ársbyrjun var undirrituð viljayfirlýsing um sölu á átta megawöttum af raforku til fyrirhugaðrar kalþörungaverksmiðju í Súðavík.
- VesturVerk mun leitast við að selja alla orkuna heima í héraði á almennum markaði.
- Frekari uppbygging í fiskeldi á Vestfjörðum og fleiri atvinnugreinum kalla á aukna raforku og hana mun Hvalárvirkjun geta veitt. Orkuskipti munu einnig auka eftirspurn eftir rafmagni.
- Raforkuframleiðsla á Vestfjörðum annar einungis hluta notkunarinnar í fjórðungnum í dag og því þarf að flytja inn á Vestfirði 10-40 megawött á hverjum degi til að anna eftirspurn íbúa og fyrirtækja. Þegar mest lætur slagar innflutningurinn hátt upp í framleiðslugetu Hvalárvirkjunar.



- Hvalárvirkjun og ný flutningsmannvirki tengd henni munu skipta sköpum fyrir raforkuöryggi á Vestfjörðum. Forsenda fyrir auknu raforkuöryggi er aukin orkuframleiðsla innan fjórðungsins. Undir það taka Landsnet, Orkubú Vestfjarða og Fjórðungssamband Vestfirðinga.
- Ný skýrsla Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri, sem unnin var fyrir VesturVerk um samfélagsáhrif Hvalárvirkjunar á Vestfirði, tekur af allan vafa um ágæti virkjunarinnar fyrir raforkuöryggi Vestfirðinga.


#### Hvað vill VesturVerk gera fyrir Árneshrepp?

- Tenging þriggja fasa rafmagns frá Hvalárvirkjun í Norðurfjörð.
- Ljósleiðari frá Hvalárvirkjun samhliða rafstreng.
- Hitaveita frá Krossnesi í Norðurfjörð að undangengnum samningi um heita vatnið. Þriggja fasa rafmagn og ljósleiðari lagt samhliða að Krossnesi.
- Lagfæringar á bryggjusvæði í Norðurfirði.
- Endurnýjun klæðningar á skólahúsinu í Trékyllisvík.
- Uppsetning áningarstaða fyrir ferðafólk s.s. bekkir og borð, upplýsingaskilti og örnefnaskilti.
- Gestastofa við Hvalá sem þjóna mun gestum og gangandi ásamt starfsmönnum VesturVerks.



## Hvað verður um fossana á Ófeigsfjarðarheiði?

- Stærstu fossarnir á virkjunarsvæði Hvalárvirkjunar eru Hvalárfoss, Drynjandisfoss og Rjúkandifoss. Minni og ónefndir fossar eru í Eyvindarfjarðará. Enginn þessara fossa mun skemmast vegna virkjunarframkvæmda þótt vissulega muni rennsli í þeim minnka – mismikið þó eftir fossum.
- Liður í mótvægisáðgerðum VesturVerks verður að stýra rennsli í fossunum yfir hásumur svo ferðafólk fá notið fegurðar þeirra. Einnig mun VesturVerk leggja göngustíg að útsýnisstað við Drynjanda með góðum merkingum og upplýsingum fyrir ferðafólk. Þannig eykst aðgengi almennings að fossinum.
- Allar framkvæmdir sem tengjast rennsli í fossana eru afturkræfar.








## Með hvaða hætti verður dregið úr umhverfisáhrifum virkjunarinnar miðað við upphaflegar áætlanir?

- Dagverðardalsstífla lækkar um 5 metra - verður 8 metrar.
- Hvalárstífla lækkar um 5 metra – verður 28 metrar.
- Eyvindarfjarðarstífla lækkar um 5 metra – verður 14 metrar.
- Efnismagn í stíflur minnkar um 20% og þá minnkar efnistaka úr námum að sama skapi.
- Með lækun inntakslóns virkjunarinnar fer um 10% minna land undir vatn.
- Rennli á fossinn Drynjanda, og þá um leið á Hvalárfoss, verður stýrt eftir þörfum sem og á fossana í Eyvindarfjarðará.

## Hvaða þýðingu hefur Hvalárvirkjun fyrir aðra virkjunarkosti á Vestfjörðum?

- Í bígerð eru nokkrar vatnsaflsvirkjanir við Ísafjarðardjúp: Austurgilsvirkjun, Skúfnavatnavirkjun, Hvanneyrardalsvirkjun, og Hest- og Skötu-fjarðarvirkjun. Þær yrðu á bilinu 7-35 megawött að stærð. Einnig er Sængurfoss talinn vera allt að sjö megawatta virkjunarkostur en engar ákvarðanir liggja fyrir um frekari virkjun hans. Flestar munu virkjanirnar væntanlega tengjast við afhendingarstað Landsnets (tengipunkt) í Ísafjarðardjúpi líkt og Hvalárvirkjun.
- Án Hvalárvirkjunar eru ekki markaðslegar forsendur fyrir uppbyggingu á nýjum afhendingarstað og nýju flutningskerfi raforku til og frá Vestfjörðum.





## Hvað segja þau um Hvalárvirkjun?



### **Eva Sigurbjörnsdóttir**

Oddviti Árneshrepps á Ströndum

„Vatnsorka er vistvænasta orka sem fyrirfinnst í veröldinni og okkur Íslendingum veitir ekki af því að minnka kolefnisspor okkar með því að nýta raforku í stað eldsneytis, svo sem olíu og bensíns. Eftir því sem komið hefur fram í fréttum þá erum við ekki að standa okkur sérlega vel í þeim efnum. Önnur mikilvægasta ástæðan fyrir því að virkja í Hvalá er auðvitað sú að Vestfirði vantar sárlega meiri orku inn á svæðið. Síðast en ekki síst tel ég að virkjun Hvalár muni hafa í för með sér betra afhendingaröryggi á raforku fyrir Árneshrepp, bættar samgöngur, muni auka umsvif í sveitarfélaginu, auka atvinnumöguleika og styrkja innviði - bæði á meðan á framkvæmdum stendur og eins til framtíðar.“



### **Þorbergur Steinn Leifsson**

Verkfræðingur hjá Verkís og einn fremsti sérfræðingur landsins á sviði undirbúnings vatnsaflsvirkjana og straum- og vatnafræði

„Hvalárvirkjun er lykillinn að framtíð Vestfjarða í orkumálum. Flutningskerfi raforku landsins stendur ekki undir aukinni eftirspurn eftir raforku í landinu - allra síst á Vestfjörðum. Aukin orkuframleiðsla á Vestfjörðum, einkum virkjun Hvalár, mun standa undir stórum hluta þess sem endurbygging flutningskerfisins í fjórðungnum kostar.“





### **Steinunn Einarsdóttir**

Gæðastjóri fiskeldisfyrirtækisins Arctic Fish

„Raforkuöryggi skiptir öllu máli fyrir fiskeldi og þá sérstaklega í þeirri uppbyggingu sem við erum í núna. Við erum að fjárfesta í dýrum hátæknibúnaði sem þolir illa raforkutruflanir. Ef rafmagn dettur út í seiðaðisstöðinni okkar í Tálknafirði verður gífurlegt tjón. Fiskurinn einfaldlega drepst og mikil verðmæti tapast. Okkar mat er að Hvalárvirkjun geti skapað grundvöll fyrir stórbættu afhendingaröryggi og þannig takmarkað áhættuna okkar.“



### **Konráð Eggertsson**

Íbúi á Ísafirði, sjómaður, æðabóndi og hrefnuveiðimaður

„Ég get ekki hugsað mér að það fari fyrir Vestfjörðum eins og fór fyrir Hornströndum. Hvalárvirkjun er liður í því að stemma stigu við þeim búsetubresti sem annars verður á Vestfjörðum ef atvinnulíf og innviðir fá ekki að byggjast hér upp.“



### Fríða Matthíasdóttir

Forseti bæjarstjórnar í Vesturbyggð og ferðapjónn

„Það er nauðsynlegt að samstaða náist um brýn framfaraverkefni í vestfirskum sveitarfélögum. Tenging fyrirhugaðrar Hvalárvirkjunar við megin raforkuflutningskerfi landsins er eitt þeirra verkefna. Með hringtengingu um Djúp eykst möguleiki á nýtingu orkunnar á Vestfjörðum með tryggara flutningskerfi. En einnig er mikilvægt að skoða tækifærin til atvinnusköpunar samhliða, þannig að orkan nýtist sem best á svæðinu.“



### Óðinn Gestsson

Framkvæmdastjóri Íslandssögu á Suðureyri við Súgandafjörð

„Það er augljóst að með tilkomu Hvalárvirkjunar er lagður einn steinninn í viðbót í áframhaldandi uppbyggingu á Vestfjörðum og aukið raforkuöryggi fyrir íbúa og fyrirtæki. Við sem eru í atvinnurekstri hér þekkjum það að missa rafmagn með tilheyrandi tjóni og því segjum við öryggi, öryggi, öryggi. Og ég skil ekki þessa neikvæðu umræðu sem eru uppi á landsvísu um Hvalárvirkjun því ég tel að ef eitthvað er gott fyrir Vestfirði þá sé það um leið gott fyrir Ísland.“



### **Sigríður Ólög Kristjánsdóttir**

Framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu

„Það hefur lengi verið baráttumál Vestfirðinga að raforkumál svæðisins fylgi þróun atvinnulífs og samfélaga. Vestfjarðastofa stendur heilshugar á bak við öll þau áform sem styrkja innviði samfélags á Vestfjörðum. Þar með er talið virkjun Hvalár, að því gefnu að tenging hennar verði til þess að bæta raforkugæði á svæðinu.“



### **Þorsteinn Másson**

Svæðisstjóri fiskeldisfyrirtækisins Arnarlax

„Styrkleikar okkar Vestfirðinga og forskot felast í sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Það er sagan sem við viljum segja okkur sjálfum, gestum og viðskiptavinum um allan heim. Hrein orka úr vatnsaflsvirkjun á borð við Hvalárvirkjun passar því vel inn í sögu af framsýnu samfélagi sem vill blómstra í sátt við náttúru og fólk.“







VesturVerk ehf. Suðurgötu 12  
400 Ísafjörður

+354 863-0220 (Gunnar)  
vesturverk@vesturverk.is



@vesturverk.is